

Deloitte.

Ýmsar breytingar 2005

- hverju verðum við að breyta -

Árni Harðarson, hdl.
12. janúar 2005



Fjalla aðeins um helstu breytingar á skattalögum og reglum á árinu 2005 og það sem kemur til framkvæmda á þessu ári

Meiri áhersla á það sem við verðum að breyta.....og helst strax

Deloitte.

Lög nr. 147/2004 – Framkvæmt 2006

- Tekjuskattur 23,75%
- Afnám eignarskatts einstaklinga og lögaðila
- Nýtt heiti laganna: *lög um tekjuskatt*
- Tekjuskerðingarmörk barnabóta og ótekjutengdar barnabætur hækka um 25%
- Tekjutengdar barnabætur hækka um 10%
- Hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum lækkar úr 5,5% í 5% við ákvörðun vaxtabóta 2006
- Frítekjumörk barna undir 16 ára hækka um 2,5%
- Persónuafsláttur hækkar um 2,5%

Lög 90/2003, um tekjuskatt - aðsetursregla

- **Breyting á 2. gr. tekjuskattslaga**

- Var óljóst í ákvæðinu áður hvort reglan um raunverulega framkvæmdastjórn ætti við um öll félög

- Núna er þetta skýrar orðað:

“Lögaðili skv. 1. mgr. telst eiga hér heimili ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi”

- Liggur ljóst fyrir að það þarf að huga að stjórn fyrirtækja sem stofnuð eru erlendis

- Engu að síður nokkuð rúm eftir fyrir túlkun.....

Deloitte.

Lög 50/1988, um virðisaukaskatt

- **Samsköttun í vsk.....loksins**

➤Átti fyrst bara að eiga við um félög sem væru með vsk. skráningu.....lagfært og nær nú til allra félaga sem uppfylla skilyrðin

“Við uppgjör virðisaukaskatts samskráðra félaga skal litið á þau sem eina lögpersónu. Við skipti milli samskráðra félaga hafa þannig ekki í för með sér skyldu til að greiða virðisaukaskatt nema velta sé skattskyld, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr”

➤Þið eruð að vísu aðeins of sein að sækja um fyrir 2006 þar sem það var eigi síðar en 8 dögum fyrir áramót.....

Skattalagabrot - lög 134/2005

- Breytingar á umhverfi skattalagabrota og viðurlaga við þeim
- Afnáam fastrar sektarviðmiðunar að hluta
- Dómara veitt aukið svigrúm til að ákvarða sekt í skattsvikamálum
- Skattrannsóknarstjóra gefinn kostur á að ljúka refsimeðferð með sekt – ef aðili samþykkir

Nýjir fasteignaskattar - lög 140/2005

- Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga
600 milljónir fluttar frá ríki til sveitarfélaga
- Fasteignaskattur lagður á fleiri eignir en áður
- Ekki undanþágur nema:
 - Kirkjur og bænahús
 - Safnahús
 - Hús erlendra ríkja
- Ekki undanþágur en hægt að fá styrki >> allar ívilnanir verða sýnilegri

Deloitte.

Ný tollalög

- **Helstu nýmæli:**

- Heimild til að fella niður toll af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda
- Heimild til að fella niður toll af vöru vegna galla
- Skylda inn- og útflytjenda til að tollflokka vöru í tollskjölum samkvæmt almennun reglum um túlkun tollskrárinnar
- Frestur til að láta tollstjóra í té aðflutningsskjöl stytur úr tólf mánuðum í sex mánuði
- Samræmingar og stefnumótunarhlutverk tollstjórans í Reykjavík
- Tollmiðlarar og skylda þeirra til að kalla eftir gögnum
- Geymsla gagna sem liggja til grundvallar rafrænni aðflutningsskýrslu
- Skilgreining farmskrár lögfest
- Ótvíræður aðgangur tollstjóra að starfsstöðvum tollskyldra aðila
- Skipun tollvarða í höndum tollstjóra
- Skylda Landhelgisgæslu til að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í ferðum til og frá landinu

Ný tollalög

- **Helstu nýmæli frh.:**

- Ótvíræð heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður
- Geymslusvæði fyrir ótollafrgreiddar vörur
- Áætlun aðflutningsgjalda
- Viðmiðunarreglur um magn forða í skip eða flugvél í millilandaferðum
- Einfaldaðar útflutningsskýrslur
- Stöðvun tollafrgreiðslu
- Heimild tollstjóra til að leiðrétta smávægilegar villur í aðflutningsskýrslum
- Heimild tollstjóra til endurákvörðunar án þess að það hafi í för með sér breytingu á álagningu aðflutningsgjalda.
- Leit á ólögráða einstaklingum
- Bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu
- Einföldun kæruleiða og afbrigðileg refsíákvæði afnumin
- Aðstoð lögreglu til að færa menn til skýrslugjafar
- Álag á toll dregið frá sektarfjárhæð
- Beiðnir erlendra tollýfirvalda um aðstoð í tollamálum

Aðrar lagabreytingar

• Ársreikningalög

- Lög nr. 45/2005 um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og breytingar í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins

• Lög um starfsmannaleigur

- Að vísu ekki breyting á skattalögum en í nánnum tengslum við skattframkvæmd vegna slíkrar starfsemi

• Hækkun tryggingagjalds

- Hækkun á gjaldi í ábyrgðasjóð launa úr 0,04 í 0,1%
- Tryggingagjaldið verður 5,79% í alm. þrepi

• Lækkun búnaðargjalds

• hækkun á gjaldi í framkvæmdarsjóð aldraðra

• Skattskylda orkufyrirtækja

Deloitte.

Nokkrar reglugerðarbreytingar

- **Um frjálsa og sérstaka skráningu**

- Þarf ekki að þinglýsa leigusamningi lengur – bara yfirlýsingunni

- **Tímabundin endurgreiðsla vsk. v/leigubíla**


- **Reglugerð um fasteignaskatt til samræmis við lagabreytinguna**

- **Reglugerð um úrvinnslugjald**



- **Breytingar á útreikningi vaxta- og barnabóta**

Deloitte.

Ekki miklar efnisbreytingar 2005

- En hverju hefði kannski átt að breyta.....
 - Við erum að sumu leyti að sitja eftir.....
 - Við erum að sumu leyti að varna útrásarfjármagni inn í landið aftur
 - Við erum að sumu leyti að óþörfu að gera erlendum fjárfestum erfitt fyrir
 - Við erum að gera íslenskum samstæðum erfitt fyrir
- 

Söluhagnaður hlutabréfa



Öll þessi lönd
með betri reglur en við

Það er ekki nóg með að við séum að sitja eftir í samanburði við lönd eins og Holland og Luxemborg

Hin Norðurlöndin hafa tekið mið af þróuninni í ESB

Skattlagning söluhagnaðar hlutabréfa er farin að heyra til undantekningar ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt

Deloitte.

Ekki nóg með það.....

- Ekki bara það að þessi lönd séu með betri reglur en við að þessu leyti.....
- Spurning hvort þorandi er fyrir íslensk félög að taka peninginn aftur heim?
- 9. tl. 31. gr. um skattfrelsi arðs erlendis frá er allt of óljós og reglugerð 297/2003 um sama efni hjálpar ekki
- Ef við viljum aurinn heim þá verðum við að gera úrbætur á þessu

Deloitte.

Íslenskt fyrirtæki fjárfestir erlendis



Íslenskur hluthafi

Íslenskt
móðurfélag

Tekjur hér geta ekki verið söluhagnaður hlutabréfa og kannski ekki heldur arður!!

Eignarhaldsfélag
um fjárfestingar

Tekjur hér eru söluhagnaður hlutabréfa og arður

Rekstrarfélag A
sem fjárfest er í
erlendis

Rekstrarfélag B
sem fjárfest er í
erlendis

Deloitte.


- Ótrúlega lítið mál að eyða þeirri óvissu sem kemur í veg fyrir að fjárfestingin sé tekin alveg heim
- Ef ekki með lagabreytingu þá t.d. “Hvítur listi” þar sem fram koma lönd sem eru í lagi

>> Fjárfestingin getur frekað skilað sér alla leið heim heldur en að stoppa endanlega í fjárfestingarfélaginu



Deloitte.

Íslenskt "Group" þarf að færa fjármuni á milli félaga innan samstæðu



Að ástæðulausu þurfa íslenskar samstæður að lána ríkinu 10% af þeim fjármunum sem greiddar eru sem arður á milli félaga!!!

Skattlagning erlendra aðila af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa

- Þessi skattlagningarregla er ekki bara til verulegra trafala heldur má færa gild rök fyrir því að hún standist illa í sumum tilvikum
- Ráðlegt að hafa í huga yfirlýst markmið sem fram komu í athugasemdum þegar miklar breytingar voru gerðar í lok árs 2001:

Ekki nóg að okkar skattareglur séu sambærilegar heldur verða þær að vera betri

háleit markmið sem skila Íslandi viðbótartekjum ef rétt er staðið að málum

Deloitte.

Deloitte.

Takk fyrir

